

Félagið Villikettir kt. 710314-1790, óskar eftir lóðarskika undir færánleg smáhýsi til að hýsa starfssemi félagsins. Við þurfum aðgang að vatni, hita og rafmagni í húsin.

Félagið Villikettir kemur að björgun mörg hundruð katta á hverju ári. Okkur vantar sárlega húsnæði til að hýsa kisu í neyð, kisu í heimilisleit, villikisu eftir geldingu, litla kettlinga og kettlingafullar læður. Félagið er eingöngu rekið af sjálfboðaliðum og góðvild almennings.

Félagið Villikettir var stofnað snemma árs 2014 og starfar á landsvísu. **Markmið félagsins er að stemma stigum við fjölgun villi- og vergangskatta með því að nota aðferð sem kölluð er TNR – Trap Neuter Return sem er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að stemma stigum við fjölgun villikatta á mannúðlegan hátt.** TNR snýst um að fanga villiketti í fellibúr, fara með þá til dýralæknis og láta gelda/taka úr sambandi, og skila þeim svo aftur út á þann stað sem þeir voru fangaðir á. Þar er svo hlúð að þeim eftir bestu getu með daglegum matargjöfum og skjóli. Villikettirnir fá þannig að ljúka æviskeið sínu við þær aðstæður sem þeir fæddust í, þeir sinna þar mikilvægu hlutverki við að halda burtu nagdýrum. Allir kettlingar sem finnast úti eru fangaðir, þeir „mannaðir“ eins og við köllum það þegar við venjum þá við mannfolk og heimili, og þeim er svo fundið framtíðar heimili.

Sl. 2 ár hefur félagið vaxið mikið og verkefnin verið gríðarstór. Við höfum ekki einungis sinnt því að fanga-gelda-skila villiköttum, heldur höfum við komið að mjög stórum verkefnum þar sem bjarga þurfti kisu úr afar slæmum aðstæðum af heimilum. Samtals björguðum við 300 kisulífum úr þessum aðstæðum og fundum þeim ný heimili.

Svæðin sem við stingum upp á eru:

1. Kjóavellir – best væri fjærst veginum þar sem er gott næði. Meðfylgjandi er staðfesting um samþykki fyrir veru félagsins á svæðinu, undirrituð af formanni Spretts.
2. Garðaholt – eða þar í kring, Garðalöndin (þar eru einmitt dúfnakofar) Hleinar
3. Vífilsstaðir
4. Miðhraun og hraunin þar í kring
5. Lyngás og þar í kring

Við þurfum að setja niður a.m.k. 4 smáhýsi til að anna þörfinni – en til að byrja með yrðu það 1-2 eða eitt stærra húsnæði sem hægt væri að skipta niður í smærri rými. Mikilvægt er að hafa aðskilin rými fyrir mismunandi þarfir þeirra katta sem við erum að sinna (villikettir, verganskettir, kettlingar, læður með kettlinga o.s.frv.)

Við erum að óska eftir að fá afnot af landsvæði undir þessi smáhýsi og þá jafnframt niðurfellingu á gatnagerðargjöldum, lóðagjöldum og slíku.

Með von um góðar undirtektir, Stjórn Villikatta
www.villikettir.is


Arndís Björg Sigurgeirsdóttir formaður
Arndís Kjartansdóttir ritari
Fjóla Haraldsdóttir gjaldkeri
Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir meðstjórnandi
Áslaug Eyfjörð meðstjórnandi



1. Kjóavellir – hestasvæði Sprettis



2. Garðalönd Garðbæinga, Garðaholt, Hleinar



3. Vífilsstaðir og þar um kring



4. Miðhraun og hraunin þar í kring



5. Lyngás og þar í kring

